

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Ekkna- og munaðarleys- **126**
ingjasjóð Tálknafjarðarhrepps, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráð- 6. okt.
herra Íslands 6. október 1916.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir „Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Tálknafjarðarhrepps“

eins og hún var samþykkt á aðalfundi í mars 1916.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Ekkna- og munaðarleysingjasjóður Tálknafjarðarhrepps«.

2. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af Pjetri skipstjóra Björnssyni, Hvítabandsdeildinni á Bildudal og samskotum einstakra manna árið 1897 með kr. 808.00, þá ætluðum til styrktar ekkjum og börnum druknaðra manna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Síðan hefir sjóðurinn stækkað og verið skift milli hreppanna, og hlaut Tálknafjarðarhreppur í sinn hlut árið 1914 kr. 566 00. Sama ár gafst deild hreppsins frá bindindisfelagi Tálknafjarðarhrepps kr. 143.16, og við árslok 1915 var sjóðurinn allur kr. 792.34, sem stendur í skuldabryfum sparissjóðs Vestur-Barðastrandarsýslu og peningum.

3. gr.

Eftirlit með sjóðnum hefir sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu. Stjórn sjóðsins hafa á hendi 3 menn, kosnir til 3ja ára í senn, úr flokki styrktarmanna sjóðsins, skulu 2 af þeim kosnir á aðalfundi, en sýslunefnd kýs hinn þriðja. Þeir skifta sjálfir með sjer verkum. Stjórnin sjer um að ávaxta eignir sjóðsins á sem arðvænlegastan og tryggilegastan hátt.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal vera saminn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og afhentur endurskoðendum, er skulu hafa endurskoðað og afhent stjórn sjóðsins hann fyrir 15. febrúar næst á eftir, með athugasemdum sínum. Reikningurinn skal síðan lagður fyrir aðalfund með athugasemdum endurskoðendanna og svörum stjórnarinnar. Aðalfundur úrskurðar

126 reikninginn og sendir hann síðan til oddvita sýslunefndar, er leggur hann fyrir 6. okt. næsta sýslufund.

5. gr.

Aðalfundur skal haldinn í síðasta lagi 15. dag marsmánaðar ár hvert, og skal boða til hans með nægum fyrirvara.

Atkvæði á fundum hafa þeir einir af styrktarmönnum, sem eru skuldlausir við sjóðinn, nema veðskuld sje.

6. gr.

Styrktarmenn sjóðsins eru þeir, sem greiða til hans minst 30 kr. í eitt skifti fyrir öll, eða minst 1 krónu árlega. Gjaldldagi á árstíllögum er 15. febrúar ár hvert. Listi yfir nöfn styrktarmanna skal fylgja hverjum ársreikningi.

7. gr.

Endurskoðendur skulu vera 2, er sýslunefnd kýs til 3ja ára í senn.

8. gr.

Höfuðstóll sjóðsins má aldrei skerðast, heldur skal hann aukinn með vöxtum, tillögum frá styrktarmönnum, gjöfum eða öðrum tekjum, er sjóðnum kann að hlotnast, að svo miklu leyti sem fje þessu er ekki varið til nauðsynlegra útgjalda svo sem:

1. Kostnaður, er leiðir af stjórn sjóðsins.
2. Styrkur til ekkna- og munaðarleysingja.

9. gr.

Af tekjum sjóðsins má árlega verja alt að $\frac{2}{3}$ til styrktar ekkjum og munaðarleysingjum og fleirum samkvæmt 10. gr.

10. gr.

Styrkurinn skal aðallega veittur fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum í Tálknafjarðarhreppi. Hafi dáinn styrktarmaður ekki látið eftir sig ekkju eða barn, er styrks þarfnast, má veita styrk fátæku foreldri hans eða systkini. Einnig hverjum öðrum, hafi hann gert skriflega ráð fyrir því. Við úthlutun styrksins skal þess gætt, að ekkjur og börn styrktarmanna gangi fyrir, og taka nákvæmt tillit til ástæðna og efnahags styrkþiggjenda og hve mikið og skilvíslega hinn dáni hafi lagt í sjóðinn.

11. gr.

126

6. okt.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar til stjórnarinnar fyrir lok janúarmánaðar ár hvert, og ákveður hún hvernig og hverjum skuli úthluta styrk, skal hún hafa lokið því fyrir næsta aðalfund. Skýrsla og umsóknir og úthlutun leggist svo fyrir aðalfund og sendist því næst oddvita sýslunefndar með reikningnum.

12. gr.

Fækki styrktarmönnum svo, að þeir verði ekki fleiri en 5, tekur sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að sjer umsjón sjóðsins að öllu leyti og störf þau, er á aðalfundi hvíla.

13. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyr en höfuðstóllinn er orðinn 3000 krónur — þrjú þúsund krónur — og þá eftir samkomulagi aðalfundar og sýslunefndar.

14. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu 25. apríl til 1. maí 1916.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 19. maí 1916.

G. Björnsson.